



REACH - Næstu skref eftir forskráningu

Forskráningu efna hjá Efnastofnun Evrópu lauk 1. desember 2008. Það sem er framundan hjá þeim fyrirtækjum sem forskráðu er þátttaka í upplýsingahópum (e. SIEF, Substance Information Exchange Forum). Hver upplýsingahópur er myndaður af fyrirtækjum sem hyggjast skrá sama efnið.

Markmið upplýsingahópa er að miðla upplýsingum milli þeirra sem forskráðu/skráðu sama efni og koma þannig í veg fyrir óþarfa endurtekningar og ná fram sameiginlegri flokkun og merkingu á efninu. Hver upplýsingahópur skipar aðalskráningaraðila (e. lead registrant) sem skráir með samþykki hinna, þ.e. sendir upplýsingar um efna- og eðlisfræðilega eiginleika efnisins, sem og flokkun þess og merkingu til Efnastofnunar Evrópu. Upplýsingar um magn og notkun efnis skal þó hver skráningaraðili senda fyrir sig.

Upplýsingahópurinn kemur sér saman um hvernig kostnaði við tilraunir skuli deilt niður á aðila innan hópsins. Efnastofnunin getur komið til aðstoðar með því að áætla mögulegan heildarkostnað. Vert er að benda á að það er á ábyrgð þeirra sem forskrá/skrá efnin að mynda upplýsingahópana, ekki Efnastofnunar Evrópu eða yfirvalda í hverju landi.

Fyrsta skref hvers fyrirtækis við myndun upplýsingahóps er að skoða hvaða önnur fyrirtæki forskráðu sama efni. Þær upplýsingar er að finna á sérstakri pre-SIEF síðu inni á REACH-IT, vefgátt Efnastofnunar Evrópu, sem notuð var við forskráninguna. Fyrirtæki sem forskráðu efni fara sjálfkrafa á lista á pre-SIEF síðunni undir því efni sem þau forskráðu.

Á pre-SIEF síðunni má finna almennar upplýsingar um efnið sem var forskráð auk upplýsinga um önnur svipuð efni, ef þau eru til, sem gætu nýst við áhættumat á efninu. Auk þess eru upplýsingar um fyrirtækið sem forskráði, t.d. um tengilið, fyrirsjáanlegan skráningarfreist, forskráningarnúmer og athugasemdir fyrir aðra þátttakendur í upplýsingahópnum. Til að hefja umræður eftir forskráningu, getur forskráningaraðili boðist til að gerast “umsjónarmaður” upplýsingahópsins (e. SIEF formation facilitator).

ECHA birtir á vefsíðu sinni lista yfir öll efni sem voru forskráð fyrir 1. des. 2008. Þar kemur fram:

- Einkenni efnisins eins og EINECS númer, CAS númer nafn efnisins og heiti efnisins.
- Svipuð efni, ef við á.
- Fyrirsjáanlegur skráningarfrestur

Nánari upplýsingar má finna á Upplýsingasíðu Umhverfisstofnunar um REACH á www.ust.is.